Hjúkrunarkonan Nína Gautadóttir. Myndin er tekin meðan hún starfaði við hjúkrun hér heima.





Hans og Grétu-húsið, sem Nína og eiginmaður hennar hafa nýlega flutt í. Það er í útjaðri Parísar, en Nína verður áfram með vinnustofu í Latínuhverfinu.



Hér er Nína ásamt móður sinni, Elínu Guðjónsdóttir, sem stundum skrifar um Parísartízkuna og fleira í Lesbók. Á bak við þær er vefmynd eftir Nínu.

Útveggurinn var að



Nína: „Ég hef verið alveg ótrúlega heppin og hef uppá síðkastið getað framfleytt mér af listinni".

aur og bleyta á gólfunum — en NÍNA GAUTADÓTTIR kippti því í lag, settist að í Latínuhverfinu og hefur þegar skapað sér nafn sem veflistakona í París.

eftir Gísla Sigurðsson

Þegar Nína Gautadóttir hélt utan til Parísar fyrir nærri tíu árum, þá var það að mestu ferð án fyrirheits. Hún hafði lært hjúkrun og ævintýraþráin togaði hana út fyrir pollinn. Þá var ekki beint í sigti að afla sér frekari menntunar — og engin sérstök nauðsyn rak hana heldur til fararinnar. En hún var ráðin eins og hún hefur alltaf verið og rauða hárið, sem er og var sterkasta einkenni hennar, gaf hugmynd um írskar formæður. Hvaðan listrænir hæfileikar hennar eru upp sprottnir, er ekki gott að segja um. En trúlega hefur hún haft með sér í farangrinum handlagni frá föður sínum, Gauta Hannessyni handavinnukennara, — og ævintýraþrána mætti ef til vill rekja til móðurinnar, Elínar Guðjónsdóttur, sem annað veifið hefur stungið niður penna í Lesbókina; til dæmis um tízkuhúsin í París og framleiðslu þeirra.

Fyrir ævintýrafólk er hjúkrun að því leyti heppileg starfsgrein, að hægt er að fá vinnu hvar sem er á sjúkrahúsum. Þótt Nína hefði aðeins lítilsháttar lært frönsku árið 1970, gekk henni vel að fá vinnu í sérgrein sinni, þegar út kom til Parísar. Sá starfsferill hófst raunar með dálitlu ævintýri, sem verður henni minnisstætt — og var því líkast, þegar mennskir menn gengu inn björgin í sögum og litu þá dýrð, sem ekki blasti við hvunndags.

Þótt ótrúlegt megi virðast, var hún tiltölulega lítt reynd og illa talandi á frönsku, send til að vera innan handar á því heimili í Frakklandi, sem trúlega getur státað af mestum auði. Þar búa nefnilega þeir barónar og greifar og stórfaktorar, sem eiga heilan banka bara fyrir sig, ásamt ýmsu öðru að sjálfsögðu — og heita Rotschild. Þeir munu vera gyðingar